

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Slysavarnardeild Hnífsdals (Björgunarsveitin Tindar), kt. 500480-0339, Strandgötu 7, Hnífsdal, gera með sér svohljóðandi

## viðauka við þjónustusamning

sem gerður var á milli ofangreindra aðila, um verkefni er Slysavarnardeild Hnífsdals tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, viðbragðsvaktir o.fl., dags. 14. desember 2002 (hér eftir nefndur „þjónustusamningurinn“).

Viðaukinn er gerður í kjölfar þess að Slysavarnardeild Hnífsdals seldi húsnæði sitt að Heimabæjarstíg 3, fnr. 211-8964, í Hnífsdal.

Hér með fallast samningsaðilar á að 2. gr. kaflans „Önnur þjónusta“ í þjónustusamningnum verði breytt og verði svohljóðandi:

„Til að koma til móts við Slysavarnardeild Hnífsdals vegna þeirrar þjónustu er að ofan greinir mun Ísafjarðarbær veita deildinni árlegan styrk samsvarandi álögðum fasteignagjöldum hvers árs af húsnæði félagsins að Strandgötu 7, fnr. 212-0483, og Strandgötu 5a, fnr. 212-0480, í Hnífsdal. Styrkveiting vegna gjaldanna skal fara fram við lok hvers fjárhagsárs, en verði breyting á eignarhaldi fasteigna Slysavarnardeildarinnar skal Ísafjarðarbæ tilkynnt um það við undirritun kaupsamnings/afsals. Styrkveiting hvers árs tekur aðeins til þess tíma er ofangreindar eignir eru í eigu Slysavarnardeildarinnar.“

Gildistími samnings þessa breytist jafnframt, og í stað þess að vera ótímabundinn gildir hann nú í fimm ár, eða frá **1. janúar 2021 til 31. desember 2025**. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.


Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn vera skrifleg.

Viðauki þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum aðila.

Viðaukinn er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Ísafirði, 20. janúar 2020

  
E.h. Ísafjarðarbær  
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

F.h. Slysavarnardeildar Hnífsdals  
  
Ólafur Kristjánsson, stjórnarformaður